



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 1. Skipulag fundar

**Heiti fundar:** 24. fundur aðalstjórnar  
**Fundarstjóri:** Davíð Þór Sigurðarson  
**Fundarritari:** Davíð Þór Sigurðarson

**Dagsetning:** 25.06.2014  
**Staður:** Hettan  
**Tími :** 17:00

#### Þátttakendur:

Davíð Þór Sigurðarson, formaður aðalstjórnar	Þórhallur Harðarsson, formaður körfuboltadeildar
Tinna Björk , formaður sunddeildar	Svava Þórey Einarasdóttir, formaður frjálsíþróttadeildar
Anna Dís Jónsdóttir, formaður fimleikadeildar	Kristbjörg Jónasdóttir, aðalstjórn
Árni Ólason, formaður fótboltadeildar	

#### Fjarverandi:

Elfa Sigurðardóttir, formaður Taekwondo	Michal Janicek, formaður Tennis og badmintondeildar
Jón Óli Benediktsson, aðalstjórn	Guðgeir Sigurjónsson, formaður Blakdeildar
Björgvin Steinar Friðriksson, formaður handboltadeildar	

### 2. Markmið fundar

Yfirlit verkefna vegna afmælishátíðar og úthlutun styrkja 2014.

### 3. Fundardagskrá

Fundarefni	Stjórnandi umræðu	Tími (mín)
Afgreiðsla samnings vegna Nóra kerfis	Davíð	10
Verðlaunapeningar Hattar	Davíð	10
Erindi körfuboltadeildar vegna fjárhags	Davíð	10
Úthlutun styrkja 2014	Davíð	10
Samningar	Davíð	20
Afmælishátíð	Davíð	30
Reglur vegna vals á íþróttamönnum Hattar	Davíð	10
Skil á gögnum og framkvæmd aðalfunda hjá deildum	Davíð	10
Önnur mál	Davíð	10



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

### 4. Helstu umræður

#### Samningur vegna Nóra

Kynningarfundur var haldinn 5. Júní 2014 af Greiðslumiðlun fyrir deildir Hattar hjá Motus á Egilsstöðum. Boðaðir voru allir formenn deilda. Í framhaldi af þeirri kynningu og drögum af samningi milli Greiðslumiðlunar/Motus og Hattar var atkvæðagreiðsla um samþykkt samnings. Samningsdrögin voru samþykkt af öllum fundarmönnum. Einnig var ákveðið að allar deildir innan Hattar munu nýta þetta kerfi frá og með haustinu 2014 í sínu starfi.

#### Hattar verðlaunapeningar

Fyrirliggur erindi frá Þóri Guðmundssyni um sölu Hattar verðlaunapeninga til félagsins. Drög að kostnaðaráætlun liggur fyrir ásamt grófri mynd af útliti. Aðalstjórn samþykkir ekki að svo stöddu tilboðið á þeim grundvelli að útgjöld félagsins vegna þessa verða mjög mikil. Einnig er notkun á peningunum innan félagsins ekki mikil og yrði því lager stór. Formanni falið að skoða frekari tilboð með lægri kostnaði og bindingu fjármagns í þessum lið.

#### Heimild til framlengingu á yfirdrætti og láns frá aðalstjórn vegna körfuboltadeildar

Erindi sent frá Þórhalli Harðarsyni fyrir hönd körfuboltadeildarinnar um samþykki aðalstjórnar fyrir framlengingu á yfirdrætti hjá Arion banka eða láns frá aðalstjórn. Aðalstjórn samþykkir heimild fyrir 1,5 milljón hjá Arion banka og formaður sendir skriflegt samþykki sem bankinn fær. Einnig samþykkir aðalstjórn lán til deildarinnar upp á 1,5 milljón til að létta undir rekstri deildarinnar meðan skuldir eru greiddar niður. Báðar þessar ákvarðanir verða endurskoðaðar 15. Janúar 2015. Formaður deildarinnar mun vinna einnig að áætlun mun niðurgreiðslu láns til aðalstjórnar sem kynnt verður í lok árs.

#### Úthlutun styrkja 2014

Samþykkt var að ákveðnir styrki sem tileinkaðir eru barna og unglínastarfi yrðu greiddir út til deilda samkvæmt iðkendatali síðasta árs og er engin breyting á þeim reglum. Ákveðið að leiðrétta styrk frá Lí vegna síðasta árs til deilda.

#### Samningar

Davíð fór fyrir stöðu styrkjamála í gegnum aðalstjórn. Ákveðið var með öllum samþykktur atkvæðum að formanni yrði falið að skoða stöðu á styrkjum vegna Landsbanka og Nettó.

#### Afmælishátíð 2014

Formaður hefur verið í samskiptum við stjórn Ormsteitis og sveitarfélagið um framkvæmd afmælishátíðar Hattar vegna 40 ára afmælis. Búið er að ákveða afmælisvikuna en hún verður samhliða Ormsteitis og mun félagið taka þátt og styðja við framkvæmd hátíðinnar með verkefnum á vegum deilda félagsins.



## Fundargerð Íþróttafélagið Höttur

Í viku 34 munu deildir félagsins standa að viðburðum frá þeirra starfi sem auglýstir verða innan dagskrá Ormsteitis. Sjálfur afmælisdagurinn verður laugardaginn 16. Ágúst og hluti af hverfahátíðinni verður undir erindi vegna afmælisins. Búið er að færa leik meistaraflokkskvenna yfir á laugardaginn kl 14:00 og mun dagskrá vera á Vilhjálmsvelli allan daginn.

Formaður stýrir verkefninu og leita að hugmyndum með deildum og fyrirtækjum.

### Reglur vegna vals á íþróttamönnum Hattar

Á 23. Fundi aðalstjórnar sem haldinn var 19. Desember 2013 ákvað aðalstjórn samræmingu á reglum um lágmarksaldur til þeirra einstaklinga sem geta hlotið viðurkenninguna íþróttamaður Hattar. Lágmarksaldur er 14 ár. Tillaga formanns að frekari leiðbeiningum um val og ástæður þess sem liggja eiga fyrir valinu tekin fyrir. Samþykkt að samræma og setja skriflegar reglur allra deilda um valið og þær verði birtar á heimasíðu félagsins.

Formanni falið að útfæra skriflega reglu sem deildir vinna með út frá þáttum sem tengjast þeirri íþróttagrein. Formaður mun senda á alla formenn regluna sem deildir munu síðan kynna á næsta fundi aðalstjórnar og það lagt fram til samþykktar.

### Skil deilda vegna Felix

Umræður um gagnaskil og framkvæmd aðalfunda hjá deildum rædd. Þó nokkuð um vandamál í skilum á gögnum hjá deildum og framkvæmd aðalfunda. Eftirfarandi tillaga lögð til samþykktar hjá aðalstjórn:

*Skil gagna um rekstur og iðkendur deilda ásamt framkvæmd aðalfunda skal virða ákvörðun aðalstjórnar um skilatíma ár hvert. Ef dráttur verður á skilum og framkvæmd aðalfunda munu styrkveitingar þess árs til deildarinnar renna til aðalstjórnar.*

### Aðrar umræður

Svava og Árni fóru yfir stöðu mála í búninganefnd og var einnig útfærsla framlengingar við Jako rædd.

Erindi frá Auði Völu varðandi tjaldmál einnig rædd og ákvörðun tekin um að biðja um útfærslu á tjaldeign fyrir Hött ásamt kostnaðarmati. Meta skal út frá kostnaði og notkunargildi hvort skynsamlegt sé að Höttur eigi tjal.

## 5. Helstu ákvarðanir/niðurstöður

Samþykkt úthlutun styrkja vegna barnastarfs til deilda fyrir árið 2014.



Fundargerð  
Íþróttafélagið Höttur



## 6. Aðgerðalisti

Hvað	Hver	Í samvinnu við	Dags.
Klára útfærslu samnings við vegna Nóra	Davíð		15. júlí
Senda svar vegna verðlaunapeninga og skoða útfærslu	Davíð		10. júlí
Senda formlegt samþykki aðalstjórnar vegna yfirdráttar	Davíð		5. júlí
Ræða við Lí og Nettó um framlengingu samninga	Davíð		10. júlí
Senda tillögu vegna útfærslu viðburða í afmælisviku	Formenn allra deilda		10. júlí
Útfæra texta vegna reglan um val á íþróttamanni	Davíð		31. júlí
Svara erindi Auðar Völu og biðja um aðstoð við frekari vinnslu á málinu	Davíð	Auður Vala	10. júlí
Útgreiðsla styrks vegna barnastarfs	Davíð		10. júlí

Fundi slitið Kl. 18:55

Davíð Þór Sigurðarson